HÁSKÓLAFUNDARÖÐ

Ísland á alþjóðavettvangi
- erindi og ávinningur

Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur

2007-2008

Íslensk stjórnvöld, í samvinnu við alla háskóla landsins, efna til fundaraðar um stöðu Íslands á alþjóðavettvangi - erindi og ávinning - sem standa mun frá hausti 2007 fram til vors 2008. Fundunum, sem opnir eru almenningi, er ætlað að hvetja til aukinnar upplýstrar umræðu og samræðu um alþjóðamál í þjóðfélaginu. Sérstök áhersla verður lögð á einstök mikilvæg viðfangsefni, eins og hugsanlega setu Íslands í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Vonast er til að umræðan verði til þess að skerpa sýnina á hlutverk Íslands í alþjóðlegu samstarfi, í þágu enn kröftugra starfs á sviði alþjóða- og utanríkismála.

Fundaröðin hófst þann 7. september með opnunarmálþingi í Háskóli Íslands undir heitinu „Alþjóðasamstarf á 21. öld og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna“. Í framhaldinu verður efnt til mánaðarlegra funda í háskólum landsins þar sem fjallað verður um fjölmörg svið alþjóðamála.

Nánari umfjöllun um fundina er að finna á heimasíðum utanríkisráðuneytisins og háskólanna.

Dagskrá Háskólafundaraðar

Háskólarnir leggja upp með metnaðarfulla þátttöku nemenda, fræðimanna og sérfræðinga, þar sem fjölmörg viðfangsefni tengd hlutverki Íslands á alþjóðavettvangi verða rædd á fundum, málstofum, auk ráðstefnu þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar taka þátt. Utanríkisráðherra, eða aðrir ráðherrar, taka þátt í dagskránni eftir því sem kostur er.

Háskólafundir

7. sept. 2007 11:50- 13:15	Háskóli Íslands. *Alþjóðasamstarf á 21. öld og Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna.*
19.okt. 2007 10:30-13:00	Háskólinn á Bifröst. *Íslendingar í friðargæslu og hjálparstarfi.*
24. okt. 2007 12:15 - 14:15	Háskólinn í Reykjavík. *Ísland á alþjóðavettvangi - Skiptum við máli?*
10. des. 2007 14:00 - 16:00	Háskólinn á Akureyri. *Mannréttindi í utanríkisstefnu Íslands - hvers vegna?*
15. jan. 2008 13:00-15:00	Landbúnaðarháskóli Íslands. *Átakalínur í framtíðinni - geta Íslendingar komið að liði í baráttunni gegn matvælaskorti, þurrkum og loftslagsbreytingum?*
14. feb. 2008 13:00-15:00	Listaháskóli Íslands. *Réttur til menningar - íslenskur menningararfur í ljósi hnattvæðingar.*
27. mars 2008 13:00-15:00	Kennaraháskóli Íslands. *Menntamál, íslenska leiðin og tækifæri í þekkingarmiðlun.*
15. apríl 2008 13:00-15:00	Háskólinn á Hólum: *Sjálfbær þróun: íslensk náttúra, menning og þekking í alþjóðasamhengi.*

Málstofur

7. des. 2007	*Ísland í Öryggisráðið - og hvað svo?* Rannsóknarmálstofa í Háskóla Íslands, á vettvangi Alþjóðamálastofnunar og Rannsóknaseturs um smáríki.
Nóvember	Námskeið fyrir nemendur í alþjóðasamskiptum við Háskóla Íslands um hugsanlega setu Íslands í Öryggisráði S.þ. í Háskóla Íslands í samstarfi við sérfræðinga utanríkisráðuneytis.
24.-28. okt. 07	Í tengslum við dag S.þ. mun Icemun, félag S.þ. á Íslandi, í samstarfi við HÍ og HR, standa fyrir ráðstefnu og sviðsetningu "öryggisráðsfunda" um Kosovo og deiluna um sjávarbotn Norðurheimskauts. Sjá á www.mun.is

Ráðstefna

Vor 2008	*„Ísland á alþjóðavettvangi - erindi og ávinningur".* Ráðstefna með þátttöku innlendra og erlendra fyrirlesara, í Reykjavík vorið 2008.